



Grundaskóli
Akranesi



P Ú L S I N N

SKÓLABLAÐ GRUNDASKÓLA
1. tbl. - 20. árg. - Júní 2015

Kveðja frá skólastjóra

Ágætu lesendur. Hér ber að líta enn eitt eintak af rafrænum Púlsi, skólablaði Grundaskóla. Markmiðið er að Púlsinn komi út í lok hvers skólaárs og verði eingöngu á heimasíðu skólans í svokölluðu pdf-formi. Á stórafmælum skólans er hins vegar fyrir huguð prentuð viðhafnarútgáfa.

Efni Púlsins er að venju fjölbreytt. Það er unnið af nemendum og kennurum en ritstjórar voru Margrét Ákadóttir og Valgarður L. Jónsson, umsjónarkennarar á unglingastigi.

Grundaskóli er annar af tveimur grunnskólum á Akranesi. Nemendur eru rúmlega 600 og starfsmenn yfir 90 talsins. Grundaskóla er góður skóli vegna þess að hér eru frábærir nemendur sem eiga góða foreldra. Foreldrar hafa ávallt reynst skólanum vel, eru mikilvægir bakhjarlar sem gott er að leita til og vinna með. Grundaskóli ber einnig gæfu til að hafa starfandi virkt og mjög öflugt

Hollvinafélag sem hefur látið gott af sér leiða á undanförunum árum. Í Hollvinafélaginu eru fyrrverandi nemendur og aðrir velunnarar skólans.

Við sem störfum í skólanum gerum faglegar kröfur til okkar sjálfra og til bæjaryfirvalda um að standa við bakið á okkur og styðja til góðra verka. Stækkun mötuneytis og matsalar er verkefni sumarsins og þótt fyrr hefði verið. Starfsmenn hafa unnið við erfiðar aðstæður um langa hríð og það er tilhlökkunarefni að hefja nýtt skólaár við nýjar aðstæður hvað það varðar. Umræða um skólamál er einnig mikil um þessar mundir og við tókum að sjálfsögðu fullan þátt í henni. Það er skoðun bæði starfsmanna skólans og foreldra að Grundaskóli verði áfram heildstæður grunnskóli með nemendum frá 1. til 10. bekk. Við munum halda þeirri skoðun okkar á lofti héðan í frá sem hingað til.

Það er starfsmanna skólans að sjá til þess að skólastarfið þróist



og breytist, sé bæði framsækið og metnaðarfullt. Við eigum að halda í metnað til allra verka, þetta metnaðarfulla viðhorf til alls þess sem við tókum okkur fyrir hendur og við eigum að tala um það og segja það upphátt. Við eigum að gera þá kröfu til nemenda og starfsmanna að þeir leggi sig alla fram, annað er óásættanlegt. Í skólastarfi skulu nemendur vera í öndvegi og fyrir þá er aðeins það besta nógu gott.

*Hrönn Ríkhardsdóttir,
skólastjóri.*

PÚLSINN

Skólablað

Grundaskóla, Akranesi

Ábm.:

Hrönn Ríkhardsdóttir



Grundaskóli

Akranesi

Heimasíða Grundaskóla:

www.grundaskoli.is

Netfang Grundaskóla:

grundaskoli@akranes.is



Líf og fjör í 1. bekk

Það voru kát börn sem mættu í skólann síðasta haust, tilbúin að setjast á skólabekk.


Ýmislegt hefur verið brallað í vetur og mörg verkefni unnin með það að leiðarljósi að fræða og leyfa börnunum að kynnast í gegnum leik og starf.

Lestrarverkefni tengdust mikið til þematengdum verkefnum sem við unnum með hverju sinni. Við lærðum, m.a. um tröll og

1. bekkur

ævintýri, tókum vináttuþema og umferðarþema sem lauk með hjóladegi í vor. Við höfum átt gott samstarf við leikskólana og við 10. bekkina. Með þeim höfum við unnið margvísleg námstengd verkefni.

Börnunum hefur farið mikið fram í vetur enda fróðleiksfús börn hér á ferð.



Heimsókn á Bjarneyjarsand

Þriðjudaginn 5. maí fórum við í 2. bekk í heimsókn á Bjarneyjarsand. Við hittum Arnheiði sem er bóndi á bænum og er rosalega skemmtileg. Hún byrjaði á að fara yfir reglurnar þær voru:

1. Bera virðingu fyrir dýrunum.
2. Bannað að gefa kindunum hey.
3. Leika sér fallega í heyinu.

Við hittum líka Ísabellu, Kollu og Pálinu og þær fóru með okkur upp í fjárhús. Þegar við komum upp í fjárhús var Guðmundur bóndi þar að hjálpa kind að bera



og við sáum lambið fæðast. Önnur kind var með belg og var alveg að fara að bera þegar við fórum, svo við misstum af því. Við fengum öll að prófa að halda á lambi, það var rosalega skemmtilegt og lambið var hvítt og fallet. Við sáum kind með eitt auga og margar með horn og sumar voru með 3 eða 4 horn, það fannst okkur skrýtið. Við lékum okkur einnig í hlöðunni og hoppuðum á heyinu. Við sáum líka hunda, hænur, hænuunga, hesta, geitur og kanínur. Við fengum að leika



við hundana og halda á ungunum. Geiturnar fengu að ganga lausar í fjárhúsunum og þær eignuðust marga góða vini í 2. bekk.

Þegar við vorum búin í fjárhúsunum fórum við niður á tjaldsvæði að leika okkur í alls konar skemmtilegu útidóti sem var þar. Við fórum með rútunum aftur upp í skóla og fórum beint í hádegismat. Það var ennþá fjárhúslykt af okkur þegar við komum aftur í skólann. Okkur fannst mjög skemmtilegt að heimsækja Bjarneyjarsand og vonandi getum við farið einhverntíma aftur.

Krakkarnir í 2. bekk



Lífið í gamla daga

Við krakkarnir í 3. bekk höfum verið að læra um hvernig lífið var í gamla daga.

Við höfum verið að læra um gömlu mánuðina. Í gamla daga skiptist árið í tvö misseri, sumar og vetur og báru mánuðirnir nafn af því sem fólk var að fást við eða einhverju sem einkenndi mánuðinn.

Í gamla daga bjó fólk í torfbæjum. Torfbæir voru byggðir úr torfi, grjóti og timbri. Húsin

3. bekkur

voru miklu minni en í dag og voru oftast tveir til þrír í hverju rúmi. Aðalrými fjölskyldunnar var baðstofan þar sem var sofið, matast og unnið. Í baðstofunni voru líka haldnar kvöldvökur.

Í gamla daga var fólk mjög umhugað um dýrin sín því afkoma fólksins byggðist á afurðum sem þau gáfu.

Á árshátíðinni sýndum við leikþátt um hvernig lífið var í gamla daga. Það var gaman.



Ísland, landið okkar

Í vetur höfum við lært feikna-
mikið um Ísland. Við byrjuðum
síðastliðið haust á að teikna
upp stór Íslandskort í stofunum
okkar. Í vetur höfum við verið
að merkja áhugaverða staði inn á
þessi kort eftir því efni sem fjallað
er um í hvert skipti. Við höfum
lært mikið um náttúru landsins,
kaupstaði, hringveginn og íslensk-
ar þjóðsögur. Við gerðum litla
rannsókn þar sem allir nemendur
hlupu eða gengu ákveðna vega-
lengd. Út frá því reiknuðum við
vegalengdina sem hópurinn fór
og merktum inn á kortið okkar.
Við fundum það út að ef 23 börn
ganga niður á Bæjarbókasafn og
til baka eru þau samtals komin
langleiðina á Selfoss. Ef þessi sami
hópur hleypur í Höllinni þá þarf
hann að fara rúmlega 300 hringi
til að fara sömu vegalengd.

Þegar þetta er ritað, þá er verið

4. bekkur

að læra um Lýðveldið Ísland og
stefnt á heimsókn í Alþingishúsið
27. maí. Við notum tímann fram
að því til að safna upplýsingum til
að gera ferðina sem fróðlegasta.

*Bestu kveðjur,
4. bekkur.*



Fjölbreytt vinna í 5. bekk

Í vetur höfum við verið að læra um Leif heppna og landnámsmenn sem komu til Íslands. Verkefnið er samstarfsverkefni við list- og verkgreinar. Nemendur hafa lært ýmislegt sem tengist þessu tímabili í sögu Íslands, svo sem um byggingar húsa, skipakost, matarhefðir, fatnað, vopn, lækningajurtir, rúnaletur, hlutverk og stöðu fólks og svo ótal margt fleira. Afrakstur vinnunnar er bók sem nemendur hafa unnið að í vetur. Í maí var haldin sýning fyrir foreldra á verkum nemenda auk þess sem við fórum á slóðir Leifs heppna og heimsóttum Eiríksstaði í Haukadál.

5. bekkur

Í náttúrufræði í 5. bekk í vetur höfum við unnið fjölbreytt og skapandi verkefni. Við höfum notast við ípada þar sem börnin hafa meðal annars unnið verkefni í imovie. Þar fengu þau frjálsar hendur um innihald verkefnisins úr námsefni vetrarins. Einnig var farið í vettvangsferðir þar sem fugla- og sjávarlíf í nágrenni Akraness var kannað.

Í Grundaskóla er hefð fyrir því að 5. bekkur taki þátt í söfnun á vegum ABC barnahjálpar með því að ganga í hús og safna peningum fyrir fátæk börn. Í ár var safnað



fyrir öðrum áfanga í byggingu skóla og heimavistar fyrir starfið í Nairobi í Kenía. Börnin stóðu sig mjög vel og söfnuðu 251.932 kr.



Notum ipada meira og meira

Við í 6. bekk förum að Eiríksstöðum nú í vor með foreldrum okkar en síðastliðið vor féll ferðin okkar niður vegna verkfallsdags hjá kennurum. Á Eiríksstöðum hittum við Sigga stuð sem sagði okkur frá lífinu fyrir 1000 árum og sýndi okkur hvernig fólk lifði á þessum tímum. Að því loknu förum við að Erpsstöðum þar sem okkur var sýnt hvernig á að reka bóndabýli og framleiða ís og osta. Við fengum svo að smakka einstaklega góðan ís og að lokum settumst við niður að snæðingi í Borgarnesi. Sannarlega skemmtileg og fræðandi ferð sem við förum í og þökkum við foreldrum okkar kærlega fyrir.

Í vetur höfum við notað ipada meira og meira sem hjálpartæki í náminu, sérstaklega í landafræði Íslands. Við höfum aflað okkur upplýsinga um staðina sem við

6. bekkur

erum að læra um og notað tækin til að útfæra verkefni okkar á fjölbreyttan hátt. Það eru endalausir möguleikar sem henta flestum þegar þú færð tækifæri til að nota ipada í náminu. Við höfum meðal annars kynnst iBook Author og Book Creator þegar við höfum verið að vinna verkefni okkar, en þessi smáforrit gefa okkur kost á að vinna verkefni okkar á fjölbreyttan hátt með texta, ljósmyndum, videoklippum og með því að nota Green screen. Skemmtileg vinna sem við viljum fá tækifæri til að nota meira.

Við lærðum líka um Snorra Sturluson sem var og er einn af merkustu rithöfundum landsins. Snorri Sturluson skrifaði Egilssögu, Heimskringlu og Snorra-Eddu. Okkur fannst merkilegt að læra



um hann. Við munum síðan núna í lok skólaársins fara í Reykholt og kynnst honum enn betur.

Takk fyrir okkur
Fyrir hönd 6. bekkja
Björn, Krístrún og Sólrún




Reykjaskólaferð

Mánudaginn 9. mars lagði árgangurinn okkar af stað í skólabúðirnar í Reykjaskóla. Þar dvöldum við í eina viku. Mikill spenningur var fyrir ferðinni og er ekki hægt að segja annað en að dvölin hafi staðið undir væntingum. Kalli skólastjóri og Halldóra konan hans reka skólabúðirnar. Þau tóku á móti okkur og fóru yfir dagskrána og reglur skólabúðanna. Við búðirnar starfa nokkrir kennarar auk skólastjórahjónanna. Í boði þessa daga var sveitiferð, íþróttir, sund, náttúrufræði og skoðunar- og upplýsingaferð á byggðasafnið. Við úr Grundaskóla gistum á Grund sem er nýrri heimavistin en nemendur úr Njarðvíkurskóla

7. bekkur

og Háaleitisskóla voru með okkur í skólabúðunum og gistu í gamla skólahúsinu í Reykjaskóla, en það hús kallast Ólafshús. Dagskrá búðanna var skemmtileg og fræðandi og einnig var maturinn góður. Síðasta daginn fyrir heimför er alltaf haldin hárgreiðslukeppni sem drengir taka þátt í og ekki skemmdi fyrir að Niko okkar sigraði í keppninni. Ógleymanleg og vel heppnuð ferð hjá okkur í 7. bekk þar sem allir voru Grundaskóla til sóma.

Takk fyrir okkur
 Ásgerður Jing Laufeyjardóttir,
 Dagný Halldórsdóttir og
 Karl Ívar Alfredsson



Verkefnin stór og smá


Undanfarnar vikur hefur mikil vinna átt sér stað í 8. bekk. Helst ber að nefna stór verkefni í samfélagsfræði og og paraverkefni í stærðfræði þar sem nemendur eyddu drjúgum hluta dagsins við úrlausn þessara verkefna. Krakkarnir stóðu sig virkilega vel og gaman var að sjá hversu einbeittir nemendur voru við vinnuna. Í stærðfræðinni hafa nemendur einnig unnið með form og liti í tengslum við námsefni um hnitakerfi og flutninga. Krakkarnir bjuggu til mynstur úr upphafsstafnum sínum sem þeir færðu síðan yfir á teningslaga form. Mynstrin eru afar litrík og falleg og sóma sér vel á þessum þrívíðu listaverkum.

Í vor lásúm við Gunnlaugs sögu ormstungu og má með sanni segja að nemendur hafi haft gaman að því að kynnst þessari 12. aldar unglingabók. Textinn í þessum gömlu sögum er oft erfiður aflestrar og því ákváðum



8. bekkur

við að gera söguna aðgengilegri fyrir yngri aldurshópa. Nemendur endurskrifuðu söguna, bjuggu til bækur og myndskreyttu, með það að markmiði að yngri krakkar gætu auðveldlega lesið þessa skemmtilegu sögu um ástir og átök. Útkoman er afar glæsileg og óhætt er að segja að nemendur hafi látið sköpunargáfuna njóta sín til hins ítrasta.



Margt brallað á þessu skólaári

Skólaárið 2014 – 2015 hefur verið ár talsverðra breytinga hjá nemendum í 9. bekk þar sem nýir umsjónarkennarar tóku við bekkjunum, en Flosi Einarsson og Einar Viðarsson tóku við hlutverkinu af þeim Borghildi Jósúadóttur og Laufeyju Karls-

9. bekkur

dóttur. Einnig bættist Gunnar Sturla Herversson í kennarateymið þannig að eflaust hefur 9. bekkjum brugðið er þeir mættu til leiks haustið 2014 og við þeim blöstu nýir kennarar

sem allir voru karlkyns. En til að jafna hlutfallið aðeins þá kenndi Ingibjörg Stefánsdóttir náttúrufræði í árgangnum og Borghildur Jósúadóttir sinnti stuðningskennslu.

Margt hefur verið brallað á þessu skólaári sem hófst með miklu hópefli og markmiðasetningu fyrir veturinn. Hafa nemendur hamast við að sinna stífum áætlunum á milli þess sem þeir hafa unnið ýmis þemaverkefni og ljóst er að í þessum árgangi eru miklir hæfileikar og einstaklega skapandi einstaklingar, sem lýsir sér í þeim fjölbreyttu verkefnum sem litíð hafa dagsins ljós í vetur.



Hátónsbarkakeppnin 2015

Hátónsbarkakeppnin er fastur liður í skólastarfinu í byrjun hvers árs. Árið 2015 var engin undantekning og var mikil stemning fyrir keppninni meðal nemenda unglingadeildar.

Í ár var sú breyting gerð að halda Hæfileikakeppni Grunnskólanna samhliða söngkeppninni og var mikil ánægja með þessa breyt-

ingu sem ýtti undir fjölbreytileika atriða á úrslitakvöldinu.

Líkt og áður voru haldin undanúrslitakvöld í Hátónsbarkakeppninni í hvorum skóla fyrir sig og tóku 13 nemendur þátt hér í Grundaskóla. Það voru þau Ásta María Búadóttir, Símon Orri Jóhannsson og dúett þeirra Maríu Dísar Einarsdóttur og Rakelar

Eyjólfsdóttur sem komust áfram í úrslitin.

Úrslitakvöldið fór svo fram hér í Grundaskóla og voru þar valdir Hátónsbarkar hvors skóla. Það var Símon Orri Jóhannsson sem varð fyrir valinu hér í Grundaskóla, en hann söng óperuariuna „La donna e mobile“ úr óperunni Rigoletto eftir Verdi. Flutningur Símonar var hreint frábær og var þetta örugglega í fyrsta skipti sem óperuaria hefur heyrst í Hátónsbarkakeppninni. Símon gerði sér síðar lítið fyrir og sigraði söngkeppni félagsmiðstöðva á Vesturlandi. Hann keppti í aðalkeppni Samfés í mars og varð þar í öðru sæti. Glæsilegur árangur hjá Símoni Orra.

Sigurvegarar Hæfileikakeppni Grunnskólanna á Akranesi voru hljómsveitin Spez skipuð stelp-



Stór samsöngur

Stór samsöngur var á sínum stað í skólastarfi Grundaskóla þennan vetur. Þrisvar sinnum hittust allir nemendur ásamt gestum í íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum og þöndu raddböndin.

Mikil stemning myndast jafnan á Stórum samsöng þar sem um 1000 raddir koma saman.

Þess má einnig geta að nemendur á yngsta og miðstigi taka þátt í samsöng tvisvar í mánuði allt skólaárið í Gryfjunni.



Heimilisfræði:

3. bekkur safnar rusli

Það er orðin hefð að 3. bekkur fer út og safnar rusli í nágrenni skólans í tengslum við umræðu um umhverfismennt og samfélagslega ábyrgð. Við höfum farið í ruslsöfnun bæði að hausti og vori.

Núna í vor var einstaklega mikið rusl. Börnin fóru í næsta nágrenni

skólans og íþróttamannvirkjanna á Jaðarsbökkum. Það söfnuðust um það bil tíu ruslasekkir. Börnin voru einstaklega vinnusöm og ánægð með sín þrifaverk. Með þessu verkefni sannast máltækið „Margar hendur vinna létt verk“.



um úr báðum skólum. Þær fluttu frumsamið lag sem sló í gegn og heyrst jafnvel enn raulað hér á göngum skólans. Það var Olga Katrín Skarstad sem var valin Hátónsbarki Brekkubæjarskóla.



Kveðja frá 10. bekk

Veru okkar í Grundaskóla er að ljúka og tími til kominn að fá skiptimiða yfir í næsta kafla, sem er í flestum tilvikum framhaldsskóli.

Eftirvænting var mikil sumarið 2005 þegar komið var að því að hefja skólagaönguna. Á móti okkur tóku þrír hugaðir kennarar, þær Ingibjörg Eggertsdóttir, Valdís Sigurvinsdóttir og Hjördís Dögg Grímarsdóttir. Síðan þá hafa margir kennarar komið og farið en aðeins einn karlmaður hefur kennt okkur, þó aðeins í eitt ár. Í fyrsta bekk lærðum við að lesa og ýmsum aðferðum var beitt til að verðlauna okkur, m.a. eru okkur minnistæðir vel lyktandi límmiðarnir hennar Hjördísar. Í öðrum bekk tók hún Margrét Rós við af Valdísi. Með þeim gerðum við stóru bókina og í til-efni þess fórum við í heimsókn á Bjarteyjarsand og í Hvalstöðina í Hvalfirði. Leikskipting var gerð í 3. bekk þar sem kennararnir Berglind og Elsa komu inn á völinn í stað Margrétar Rósar og Hjördísar. Þriðji og fjórði bekkur var tími teppisins, K'nex og einingakubbanna. Bókagerð var líka í miklu uppá-

haldi og vorum við saman eins og eitt stórt bókaútgáfufyrirtæki.

Í fimmta bekk skildi Ingibjörg við okkur eftir fjögur ár af miklum aga, sem var þó nauðsynlegur. Katrín Valdís tók við af henni og undir hennar stjórn vann hennar bekkur Húllumhæ, þar á meðal alla 6. bekkina. Hádegisfrímínúturnar voru vel nýttar í fótboltaleiki við 6. bekk, þar sem við í 5. bekk fórum oftast með sigur af hólmi. Í fimmta bekk fórum við á Eiríksstaði, en þá vorum við búin að vera að læra um Eirík rauða og Leif heppna. Í sjötta bekk tók Snorri Sturluson við og þá heimsóttum við Reykholt þar sem hann bjó. Í sjötta og sjöunda bekk vorum við líka alltaaaaf að gera orð dagsins í íslensku, sem féll ekki vel í mannskapinn.

Sjöundi bekkur var mjög viðburðaríkur. Við byrjuðum veturinn á samræmdu prófunum en að þeim loknum tók fjórið við. Við settum upp jólasveinaleikritið og þar komu leiklistarhæfileikarnir fyrst í ljós sem fólk átti eftir að taka mikið eftir í unglingsdeildinni. Strax eftir áramót byrjuðum við að vinna í Óskaveröldinni. Vikuna

12. til 16. mars fórum við í hina víðfrægu Reykjaskólaferð. Þar var mikið fjör og sem betur fer vorum við með skemmtilegum krökkum. Þar tóku margir sín fyrstu skref í ástarmálum. Föðunarkeppnin og kvöldvökurnar eru eftirminnilegustu minningarnar úr þeirri ferð. Við tókum á móti Dönunum í maí og með þeim fylgdi nokkuð magn af „drama“ en það leystist þó sem betur fer allt.

Unglingadeildin tók við eftir sumarið og með því komu miklar breytingar. Kennara þrjúkið Metnaðarfulla-Magga, Sögu-Steinunn og Hjartahlýja-Hjördís kom saman í fyrsta skipti og þær munu sparka okkur út eftir stutta stund. Diskó buxurnar voru geysivinsælar meðal stelpnanna í 8. bekk og eftir jólin var ræktin uppgötvuð af strákunum. Kennararnir eyddu miklu púðri í það að blanda bekkjunum saman til að mynda eina heild úr þessum þremur hópum. Það tókst að lokum og við erum nú miklu samrýmdari en áður.

Þegar við hófum níunda bekk höfðu allir stækkað töluvert. Rúsinan í pylsuendanum var klárlega ferðin á Laugar. Þar eyddum





við þremur góðum dögum í leiki og fjör. Við vonum að Laugaferðin verði tekin upp í níunda bekk þar sem okkur fannst þetta mjög mikilvægt hópefli.

Þegar við mættum um haustið full eftirvæntingar að hefja seinasta grunnskólaárið okkar tók á móti okkur mikill undirbúningur fyrir samræmd próf. Eftir samræmdu prófin tók við hver lotan á fætur annarri. Eftir áramót hófst skólafárið af fullum krafti og æfingar á söngleiknum Úlfur, úlfur. Söngleikurinn sló í gegn meðal bæjarbúa og voru settar upp töluvert af aukasýningum. Húllumhæ var sögulegt þetta árið þar sem óútskýranlegt jafntefli átti sér stað milli 10.MÁ og 10.HDG.

Árshátíð unglingsdeildarinnar var svo 7. maí og sló hún rækilega í gegn. Met mæting var á hana þar sem tæplega 300 manns létu sjá sig. Páll Óskar sá um að halda uppi fjörinu, bæði með því að syngja sín eigin lög og annarra. Klárlega skemmtilegasta árshátíðin okkar!

Lokaferðin í Þórsmörk var vægast sagt æðisleg og mun hún sitja lengi í minnum okkar. Við vorum í Þórsmörk dagana 20.-22.



maí. Það sem stendur upp úr ferðinni er meðal annars fjallgangan upp á Valahnúk og tabata tíminn hjá Valdimar eftir gönguna. Í þessum 40 mínútna tabata tíma fengum við alls konar veður eins og sól, rigningu, snjó og risastór haglé. Á daginn eyddum við tíma okkar ýmist í fótbolta, göngutúra, að spila eða aðra hluti sem okkur datt í hug. Við enduðum ferðina á því að fara í River Rafting í Hvítá.



Það var svo miklu skemmtilegra og hlýrra en okkur hafði grunað. Þegar við vorum að verða hálfnuð í gegnum ána stoppuðum við og fórum úr bátunum. Þar máttum við stökkva fram af háum kletti ofan í Hvítá. Flestir stukku en þó höfðu ekki allir hugrekkið sem til þurfti.

Á þessum 10 árum höfum við lært mikið, meira en bara upp úr skólabókunum. Hæfileikar hafa komið í ljós og við erum svo heppin að hafa afbragðs ljóðskáld í okkar árgangi. Í lok þessarar greinar látum við fylgja með ljóð eftir Hilmar Halldórsson ljóðskáld.

Saman við stöndum sterk og samvinnu höfum haft. Við höfum unnið stórt verk, vel því við höfum kraft.

Sátt við kveðjum nú öll, þennan fagra skóla. Ekki var mikið um föll, því enginn er hér að dóla.

Fyrir hönd 10.bekkjara,
Sandra Ósk, Karólína Andrea
og Árni Snær





Listasýning 5. og 6. bekkjar

Í list og verkgræinum höfum við verið með þá nýbreytni í vetur í 5. og 6. bekk, að vera með sýningu á vinnu nemenda á valsvæðum.

Í haust var 6. bekkur með sýningu eftir að þau voru búin að fara á öll valsvæðin sem eru textíl, myndmennt, smíði og nýsköpun.

Nemendur fluttu tónlistaratriði sem þau voru búin að æfa í tónmennt. Boðið var upp á kaffi og meðlæti sem þau bökuðu í heimilisfræði.

Í vor var 5. bekkur með sýningu í samvinnu list og verkgræin kennara og umsjónarkennara. Á þeirri sýningu var áherslan á viki-



ingabókina og hluti tengda henni, eins og víkingaskip úr leir sem unnin voru í myndlist og fleiri hluti. Tónlistartriði var á sínum stað, gestir gátu gætt sér á kaffi og kökum sem nemendur höfðu bakað í heimilisfræði.

Báðar sýningarnar heppnuddust mjög vel og voru vel sóttar.



Lítum okkur nær:

Sementsverksmiðjan og Breiðin

Samsýning tíu nemenda og fjögurra kennara úr Grundaskóla

Eins og haustið 2013 var þetta verkefni styrkt af Menningarráði Vesturlands og Akraneskaupstað. Fyrra verkefnið bar nafnið Akrafjall – sóknarfæri til sköpunar. Í því verkefni beindum við sjónum okkar að

Akrafjallinu en í haust var það Sementsverksmiðjan og Breiðin.

Eins og í fyrra verkefninu fengum við Helenu Guttormsdóttur listakonu til liðs við okkur og var hún í byrjun með fyrirlestur sem hjálpaði þátttakendum að hugsa út fyrir rammann og sjá Sementsverksmiðjuna og Breiðina í nýju ljósi. Markmið verkefnisins var að samþætta ólíkar listgreinar og stuðla að samvinnu nemenda og kennara óháð aldri og reynslu.

Verkefnið endaði í sýningu á Vökudögum í því húsnæði Sementsverksmiðjunnar sem áður var stjórnstöð og rannsóknarstofa. Mikil ánægja var með sýninguna og mörgum gestum fannst gaman að sjá þetta gamla húsnæði í nýju hlutverki.



Tónmennt:

Viðfangsefni 4. og 5. bekkinga

Ívetur unnu 5. bekkingar að mjög skemmtilegu verkefni í tónmennt.

Þau byrjuðu á að hlusta á þjóðsöguna Móðir mín í kví, kví og læra lagið sem fylgir sögunni. Einnig lærðu þau undirspil við lagið og spiluðu á pianó, trommur og tréspil. Eftir það hófst hópavinna þar sem hver hópur samdi sína eigin draugasögu og tónlist/hljóðskreytingar sem undir-

strikuðu atburði í sögunni. Hóparnir fengu að velja hvort þeir semdu tónlistina á hljóðfæri eða í tónlistarforritinu Garageband.

Þetta verkefni gekk mjög vel og komu margar skemmtilegar hugmyndir fram.

Í 4. bekk vorum við að prófa okkur aðeins áfram í vinnu með Ipad. Eitt af verkefnum nemenda í vetur var að vinna með hljóðheiminn og „abstrakt“ hugsun um hljóð. Þannig æfðum við okkur í að teikna mismunandi hljóð eins og við upplifum þau, löng, stutt, sterk, veik, titrandi, bein, hröð ofl. og teiknuðum þau. Ekki mátti gera eiginlegar myndir af hljóð-

gjafanum heldur varð myndin að vera „abstrakt“ línur og punktar, svokölluð grafísk nótaskrift.

Nemendur unnu svo í hópum, hver hópur fór með Ipad um skólann og tók upp nokkur hljóð sem heyrast í skólanum. Því næst var hvert hljóð teiknað í forritinu „Drawing desk“ og að lokum voru hljóðin og myndirnar notuð í hlustunarþraut fyrir hina hópana.

Þetta verkefni gekk mjög vel og var gaman að sjá hvað nemendur voru fljótir að átta sig á því út á hvað grafísk nótaskrift gengur. Þau voru eldklár á Ipadana og pössuðu þá mjög vel.

Valgerður Jónsdóttir

Skólakór Grundaskóla

Skólakór Grundaskóla hefur starfað af krafti í vetur líkt og undanfarin ár. Kórinn tók þátt í ýmsum upptökum í skólanum í vetur og má þar nefna Stóran samsöng, Litlu jólin og Árshátíðina. Kórinn kom einnig fram á Akratorgi þegar ljósin á jólatrénu voru tendruð og söng á Fjölskyldusöngstund á Bókasafni Akraness á Vökudögum. Einnig heimsótti kórinn Dvalarheimilið Höfða og alla leikskóla bæjarins. Um 30 krakkar störfuðu með Skólakórnum í vetur og komu þau úr 3. og 4. bekk. Stjórnandi kórsins er Valgerður Jónsdóttir.



Nemendafélag Grundaskóla



Að venju er líflegt og skemmtilegt starf hjá nemendafélagi Grundaskóla. Stjórn félagsins er vinnusöm og gerir sitt besta fyrir hönd nemenda og skólans. Stjórn félagsins skipa fulltrúar allra bekkja í 8.–10. bekk auk formanns og varaformanns sem kosnir eru í almennum kosningum meðal nemenda. Í ár er Auðun Ingi Hrólfsson formaður og Katarína Stefánsdóttir varaformaður. Auk þeirra eru Selma Bríet, Sveinn Logi, Magnea Rós, Katrín Mist, Aron Máni og Hervar úr 10. bekk; Fylkir, Atli Teitur, Íris Edda og Ylfa Örð úr 9. bekk og Róberta Lilja, Ylfa, Rakel Rún, Sjöfn Sólveig, Hafsteinn og Amalía Sif úr 8. bekk. Hópurinn vinnur vel saman við að framkvæma og skipuleggja ýmiss konar viðburði. Einnig hefur félagið verið í góðri samvinnu við nemendafélag Brekkubæjarskóla varðandi dansleiki í vetur og hefur það gengið mjög vel. Haldin voru nokkur böll á árinu, s.s haustball, jólaball og árshátíð.

Við höfum staðið fyrir húllum-hæ degi, fótboltamóti, spurningakeppni milli bekkja og fleiri við-

burðum. Einnig var árlegt málþing nemenda haldið núna í apríl en þar koma fulltrúar bekkja saman og ræða hvað við getum gert betur í félagsmálum og í skólastarfinu almennt. Þá stóð NFG fyrir hópferð á Skólahreysti og fóru um 130 nemendur í þá ferð til að styðja liðið okkar. Grundaskóla gekk reyndar ekki vel í ár en við mætum tvífeld til leiks á næsta ári.

Í ár var gerð breyting á Hátónsbarkakeppninni og var keppninni skipt upp í Hátónsbarkakeppni annars vegar og hæfileikakeppni hins vegar. Mjög vel tókst til og er breytingin vonandi komin til að vera.

Pann 22. apríl var haldin gisti-nótt fyrir unglíngadeildina í Grundaskóla og gekk hún mjög vel. Fjöldi unglíngadeildarinnar gisti og for-eldrar nemenda aðstoðuðu við gæslu. Nemendafélagið var með dagskrá fram á nótt og virtust flestir skemmta sér mjög vel. Það voru því þreyttir nemendur unglíngadeildarinnar sem fóru heim að morgni sumardagsins fyrsta.

Árshátíðin var haldin fimmtudaginn 7. maí. Mikil spennan var fyrir árshátíðinni í ár þar sem Páll



Óskar sá um að halda uppi stuðnuinu. Um 300 unglingar frá báðum grunnskólum bæjarins mættu í ár og var stemningin rafmögnuð. Óhætt er að segja að Palli hafi slegið rækilega í gegn og var ballið frábært og stemningin eins og best varð á kosið.

Sannarlega ógleymanlegt kvöld.

Framtíðin er björt í Grundaskóla og vill NFG þakka öllum þeim sem hjálpuðu á einhvern hátt við félagsstarfið á þessu skólaári.



Stærðfræðikeppnin

Hin árlega stærðfræðikeppni grunnskólanna á Vesurlandi var haldin föstudaginn 13. mars og var það í sautjanda sinn sem Fjölbrautaskóli Vesturlands bauð nemendum áttundu, níundu og tíundu bekkja að keppa í að leysa stærðfræðipróf. Fjölmargir nemendur Grundaskóla tóku þátt að þessu sinni og stóðu sig vel nú sem endranær. Í aðdraganda keppinnar fengum við tvo fyrrverandi nemendur skólans í heimsókn til að spjalla við nemendur og draga í þrípraut sem var hluti af undirbúningnum fyrir keppnina. Þetta voru þau Anna Eze og Kristinn Bragi Gardarsson, en þau stóðu sig mjög vel öll þrjú árin sem þau tóku þátt í keppninni.

Að þessu sinni voru 10 nemendur Grundaskóla meðal 30 efstu sem er frábær árangur. Úr 8. bekknum voru það Katrín María Óskarsdóttir, Marín Birta Pétursdóttir, Sjöfn Sólveig Sigurbjörnsdóttir og Steindór Gauti Guðmundsson. Úr 9. bekknum voru það Bjartur Finnbogason, Andri Freyr Eggertsson, Aron Bjarki Kristjánsson, Atli Teitur Brynjarsson og Kristmann Dagur Einarsson. Úr 10. bekk var það Eiður Andri Guðlaugsson.

Laugardaginn 18. apríl var athöfn á sal Fjölbrautaskólans þar



sem afhentar voru viðurkenningar fyrir góðan árangur í keppninni. Þeim tíu efstu úr hverjum árgangi var boðið að koma og taka við viðurkenningarskjölum. Auk viðurkenningarskjala fengu þrír

efstu úr hverjum árgangi peninga-verðlaun, 20.000 krónur fyrir fyrsta sæti, 15.000 fyrir annað sæti og 10.000 fyrir þriðja sæti.

Við erum stolt af nemendum okkar og óskum öllum þátttakendum til hamingju með góðan árangur.



Skóladaqvist Grundaskóla

Ívetur hafa verið yfir 100 börn í skóladaqvistinni og öll með mismunandi þarfir. Við reynum að koma til móts við alla svo að þau geti tekið þátt á sínum forsendum. Starfsfólkið fór í vettvangsheimsóknir í vetur og í kjölfar þeirra ákváðum við að breyta aðeins skipulaginu hjá okkur. Það hefur komið mjög vel út og börnin mikið ánægðari.

Við höfum verið að brjóta upp starfið með því að bjóða upp á íþróttahús, Þorpið, diskótek í salnum, bókasafnið, Grundó got talent, Knex sýningu eftir börnin, myndmenntastofuna, matreiðslustofuna, gryfjuna á unglíngastigi og á góðviðrisdögum nýtum við vedrið og höfum lengri útiveru.

*Gleðilegt sumar
Starfsfólk skóladaqvistar*



Söngleikir í Grundaskóla:

Söngleikurinn Úlfur, úlfur

Grundaskóli hefur um árabíl staðið fyrir uppsetningu á frumsömdum söngleikjum. Ævintýrið hófst árið 2003 þegar söngleikurinn Frelsi var sýndur í sal Grundaskóla. Söngleiknum var vel tekið af bæjarbúum og einnig komu margar skólar af Vesturlandi til að sjá söngleikinn. Næstur í röðinni var söngleikurinn Hunangsflugur og Villiketir sem sýndur var haustið 2005. Í kjölfarið kom svo Draumaleit árið 2007 en þar var um Comeniusarverkefni að ræða sem unnið var í samstarfi við skóla í Svíþjóð, Tyrklandi og Ítalíu. Þar á eftir fylgdi Vítahringur sem fór á fjalirnar haustið 2009 og á eftir honum kom söngleikurinn Nornaveiðar 2012. Síðastur í röðinni var Úlfur, úlfur sem frumsýndur var á þessu skólaári, eða í febrúar 2015.

Það er skemmst frá því að segja að söngleikir í Grundaskóla hafa allir hlotið frábæra aðsókn og geisladiskar með frumsaminni tónlist þeirra hafa einnig hlotið

góðar viðtökur. Veg og vanda af þessum sýningum hafa borið þeir Einar Viðarsson, Flosi Einarsson og Gunnar Sturla Herversson en þeir hafa samið handritin, tónlistina og séð um uppsetningu allra söngleikjanna. Einnig hafa þær Eygló Gunnarsdóttir búningahönnuður, Sandra Ómarsdóttir danshöfundur og Ingibjörg Stefánsdóttir sem hefur umsjón með hári og fördun, átt sinn þátt í uppsetningu þessara söngleikja.



